

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

10. tbl. • Október 2001

Tímamót í sögu skipaiðnaðar

Ósey hf. gerir samninga um umtalsverða smíði fyrir erlend útgerðarfyrirtæki

Undur má það kalla og stórmerki að á sama tíma og ný fiskiskip frá fjarlægum löndum eru flutt inn í löngum bunum semur íslensk skipasmíðastöð við erlendar útgerðir um smíði sams konar skipa og stefnir á umtalsverðan útflutning. Er að furða þótt menn velti fyrir sér hverju þetta sæti?

Hingað til hafa íslenskar útgerðarmenn gert mestu kröfur um gæði skipa sinna, tæknistig og frágang allan. Þeir hafa ekki sætt sig við neitt nema það besta enda er íslenski fiskiskipaflotinn þekktur fyrir að vera einn sá fullkomnasti sem um getur og löngum verið öðrum þjóðum fyrirmynd. Þetta vissu færeysku útgerðarmennirnir sem á dögunum undirrituðu samning við Ósey hf. í Hafnarfirði um smíði tveggja 20 metra langra fiskiskipa. Ekki nóg með það því að aðrir tveir smíðasamningar við

Færeyinga liggja á borðinu. Enn er ekki allt talið því að samningar um tvö til þrjú nokkru stærri skip fyrir Íra eru í auglýsingu. Það hefur því dregið til nokkurra tíðinda á sviði íslenskrar skipasmíði.

VANDAÐUR SAMANBURÐUR

Útgerðarmenn þessara skipa kynntu sér rækilega allt sem er á boðstólum í smíði slíkra skipa og komust að því að skip smíðuð á Íslandi eru vönduð og örugg, henta ágætlega til þeirra veiða sem þau eru ætluð og hafa reynst mjög vel við íslenskar aðstæður. Þeir kynntu sér líka vel þessar aðstæður af eigin raun með heimsóknum til Íslands, skoðuðu skip sem smíðuð voru hér á landi og hvernig staðið er að verki við smíði þeirra. Þeir létu m.ö.o. ekki nægja að hlusta á tungulípra sölumenn lýsa á heimaslóð ágæti og færni fjarlæggra skipa-

framh. á bls. 7

Meðal efnis:

Rökin sem ekki eru rædd

Ritsstjórnargrein

2



Íslensk fyrirtæki á heimsmælikvarða

3



Hamskipti

Vefsetur idan.is

4

Verðbólga á Íslandi og í nágrennlöndum

Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur SI

5

Að loknu Orkuþingi

6



Stefnumörkun SI í rannsóknar og þróunarstarfi og starfsemi Rannís

8-9

Offset, nýtt fyrirtæki í stafrænni prentvinnslu

11



Stærsti innflytjandinn, stærsti útflytjandinn

Íslenska álverið hf.

13

Kröfur um gerð gæðaáætlunar vegna framkvæmda færast í vöxt

14



Rökin sem ekki eru rædd

Umræður um aðild að Evrópusambandinu (ESB) hafa verið af skorum skammti. Það er einkum tvennt sem einkennir málflutning andstæðinga aðildar. Annars vegar er að það sé ekkert sem kalli á aðild, EES-samningurinn þjóni þeim tilgangi sem honum var ætlaður og dugi okkur vel. Þess vegna sé skynsamlegast að biða og sjá hverju fram vindur innan ESB. Hins vegar halda þeir því fram að fylgjendur aðildar hafi ekki sett fram nein efnahagsleg eða áþreifanleg rök fyrir aðild Íslands að ESB. Hvort tveggja er fjarri sanni en svo virðist sem margvísleg rök, sem sett hafa verið fram fyrir aðild, nái einhverra hluta vegna ekki til andstæðinga aðildar eða þeir kjósi einfaldlega að skella skollaeeyrum við þeim.

BIÐ ER TIL TJÓNS

Það er alveg sama hvaða skoðun menn hafa á því hvort Ísland eigi að verða aðili að ESB eða ekki, því seinna sem það gerist þeim mun erfiðara verður að semja um aðild og líkurnar á því að ná fram hagstæðum samningum fyrir sérhagsmunum Íslands minnka. Rökin fyrir þessu eru einföld. ESB er að stækka og því fjölgar þeim sjónarmiðum stöðugt sem þarf að setta í samningaviðræðum um aðild. Þyngdarpunktur

urinn í ESB færast suður og austur og þar með minnka áhrif þeirra þjóða sem hingað til hafa sýnt skilning og lýst samúð með sjónarmiðum og sérhagsmunum Íslendinga. Strax af þessum sökum er öll bið í málinu einungis fallin til þess að grafa undan stöðu Íslands í aðildarviðræðum.

KOSTIR OG GALLAR

Það hvarflar varla að nokkrum, sem aðhyllist aðild að ESB, að halda því fram að henni fylgi engir ókostir eða vandamál sem takast verður á við. Hitt er alrangt að engin áþreifanleg rök séu fyrir aðild. Öðru nær. Þau rök eru yfirgnæfandi og varða verulega efnahagslega hagsmuni og lífsskjör þjóðarinnar. Gerðu þau það ekki væri engin ástæða til þess að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu.

Án þess að leggja andstæðingum aðildar orð í munn er óhætt að fullyrða að ein meginröksemd þeirra er sú að hagsmunir íslensks sjávarútvegs verði fyrir borð bornir, forræði auðlindarinnar hverfi til Brussel og við verðum að þola veiði erlendra skipa í íslenski lögsögu. Hvort eða að hvað miklu leyti þetta er rétt er umdeilt en úr því fæst ekki endanlega skorið nema í aðildarsamningi. Hér skal því þó haldið fram að vel sé unnt að ná viðunandi lausn í þessum efnum. Það gengur auðvitað ekki að láta staðar numið við hagsmuni sjávarútvegsins í umræðunni um aðild, síst af öllu án þess að láta á það reyna.

Kostir við aðild eru margvíslegir og þess vegna enginn hörgull á rökum fyrir því að aðild að ESB væri hagstæð í bráð og lengd.

ÁÞREIFANLEGIR HAGSMUNIR

Suma af kostum aðildar er ekki auðvelt að meta til fjár eins og t.d. að taka fullan þátt í mótun nýrra reglna og ákvörðunum sem gilda eiga í íslensku samfélagi. Öðru máli gegnir um að taka upp evru í stað krónu. Því fylgir stöðugleiki, minni viðskiptakostnaður og lægri vextir. Enginn vafi er á að örsmá og veik mynt fælir erlenda fjárfesta frá landinu. Uppataka evru myndi á hinn bóginn auðvelda slíka fjár-

festingu. Allt myndi þetta stuðla að bættu umhverfi fyrir íslenskt atvinnulíf og gera Ísland fýsilegra í augum erlendra fjárfesta.

Því hefur verið haldið fram að hvert prósentustig vaxta kosti fyrirtæki og heimili landsins um 11 milljarða króna. Vextir á Íslandi eru um þessar mundir tvisvar til þrisvar sinnum hæri en innan ESB. Hér er um tugi milljarða að tefla á ári hverju. Varla er hægt að draga í efa að það eru efnahagslegir hagsmunir fyrir atvinnulífið en ekki síður skuldsett heimili Íslendinga að lækka hér vexti. Gera má ráð fyrir að matvælavæð lækki verulega við aðild að ESB og það snertir sannarlega lífsskjörin. Hér hafa verið nefnd örfá en mjög mikilvæg rök fyrir því að aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum til hagsbóta. Þegar þessi atriði eru vegin á móti ókostunum er ótvírátt að heildarhagsmunum þjóðarinnar er betur borgið með aðild en að standa utan Evrópusambandsins

FÓLK VEIT SÍNU VITI

Í könnunum, sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í júlí og ágúst, kemur í ljós að 50% Íslendinga eru fylgjandi aðild að ESB en 37% andvíg. Í könnun Gallup meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins kemur í ljós að 58% eru fylgjandi aðild og 30% andvíg. Þá telja 68% aðild góða fyrir efnahag Íslands og 67% eru hlynt því að taka upp evru í stað krónu. Ekki er nokkur ástæða til þess að ætla að svarendur hafi haft annað í huga en efnahagslega hagsmuni og lífsskjör þegar þeir svöruðu þessum spurningum.

Jón Steindór Valdimarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri SI



**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
10. töl. Október 2001
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 22.10. 2001
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðin að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Íslenskt fyrirtæki á heimsmælikvarða

Stærsta hugbúnaðarfyrirtæki heims á sviði sjávarútvegs

Nýlega sameinaðist dótturfyrirtæki TölvuMynda hf., MTS International, norska upplýsingatæknifyrirtækinu Maritech AS undir heitinu „Maritech.“ Maritech AS var stærsta fyrirtæki Noregs á sviði hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg. Samhliða sameiningunni var gengið frá kaupum á starfsemi Columbus IT Partner í Noregi á sviði sjávarútvegslausna. Með samrunanum varð til stærsta fyrirtæki heims á sviði hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með starfsemi m.a. á Íslandi, í Noregi og í Norður-Ameríku en starfsmenn eru um 200. Áætlanir gera ráð fyrir að velta fyrirtækisins verði um 1,8 milljarðar á þessu ári.

„Maritech“ mun leggja megináherslu á þróun, sölu og þjónustu upplýsingakerfisins WiseFish en það inniheldur hugbúnaðarlausnir fyrir alla starfsemi sjávarútvegs, frá veiðum og vinnslu til sölu og dreifingar.

TölvuMyndir hf. eiga um 48% eignarhlut í Maritech en samkomulag er um að fyrirtækið geti keypt allt að 6% viðbótarhlut í Maritech af fyrri eigendum og eignist þar með meirihluta í félaginu.

ÞRISVAR Á LISTA 500 FRAMSÆKNUSTU FYRIRTÆKJA Í EVRÓPU

TölvuMyndir hf. eru eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Fyrirtækið leggur áherslu á þróun, sölu og þjónustu við eigin hugbúnað sem seldur er undir vörumerkjum dótturfyrirtækja sem starfa á kjörsviðum. Mikill vöxtur hefur einkennt starfsemi TölvuMynda hf. undanfarin ár en það hefur m.a. leitt til þess að fyrirtækið hefur síðastliðin þrjú ár verið valið á lista Europe's 500 sem eitt af 500 framsæknu fyrirtækjum Evrópu.

Stjórnendur fyrirtækisins tóku þá stefnu árið 1997 að byggja upp þekkingu á tilteknum kjörsviðum og þróa og selja staðlaðar hugbúnaðarlausnir á þeim. Kjörsviðin voru valin með það í huga hvar styrkur og framsýni íslensks atvinnulífs er hvað mestur. Nú flytur fyrirtækið út staðlaðar hugbúnaðarlausnir á tveimur kjörsviðum.

Hlutverk móðurfélagsins Tölvu-Mynda



Friðrik Sigurðsson forstjóri TölvuMynda



maritech



er að veita dótturfélögum sínum stjórnunarlega umgjörð. Félagið sér um fjármál, starfsmannamál, upplýsinga- og markaðsmál og þróunar- og gæðamál fyrir dótturfélög sín eftir því sem þörf er á og hagkvæmt þykir. Ennfremur annast TölvuMyndir nýjar viðskiptahugmyndir, bæði hugmyndafræðilega og þekkingarlega en einnig með fjármagni og viðskiptatengslum.

Dótturfyrirtæki TölvuMynda eru: Boðvaki ehf. sem sérhæfir sig í samþættingu sérhæfðra tæknilausna, Fjármálalausnir ehf. sem sérhæfa sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fjármálamarkaðinn, Theriak ehf. sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum á heilbrigðissviði, Vigor ehf. sérhæfir sig í gerð alhliða viðskiptalausna með megináherslu á gerð kerfa fyrir orkuveitur og þróun og þjónustu við Vigor viðskiptahugbúnað, Origo ehf. sem sérhæfir sig í þróun sérhæfðra tölvukerfa með áherslu á notkun Internetsins og Maritech sem einbeittir sér að þróun og sölu sjávarútvegskerfa og

Navision Financials.

TölvuMyndir hafa á síðustu árum tekið virkan þátt í uppbyggingu upplýsingatæknifyrirtækja hér á landi í nánú samstarfi við þau eða með beinu eignarhaldi.

Hlutdeildarfélag TölvuMynda eru: Hópvinnukerfi ehf. sem hafa sérhæft sig í gerð hópinnulausna, Skyggir hf. sem býður alteka rekstrarþjónustu og Stikla ehf.

ÚTRÁS SKIPT Í ÞRjú AÐSKILIN FERLI

Heimamarkaðurinn skiptir öllu máli, undirbúningur útflutnings og framkvæmdin. Maritech mun þróa og þjónusta upplýsingakerfið WiseFish, eins og áður sagði, en kerfið hefur verið í þróun hjá TölvuMyndum frá árinu 1996. Helstu vörumerki TölvuMynda samstæðunnar, auk WiseFish, eru Orka, Theriak, Vogin og Sveitarstjóri.

Guðmundur Ásmundsson



Nám í vinnuvélstjórn

Í síðasta tölublaði Íslensks iðnaðar var mishermt að samningur milli starfsgreinaráráðs bygginga- og mannvirkjagreina og menntamálaráðuneytisins um gerð skýrslu og greiningu og stefnumótun varðandi störf og menntunarfærir vinnuvélstjóra væri tilkominn fyrir atbeina Félags jarðvinnuverktaka. Hið rétta er að menntanefnd Félags vinnuvélaeigenda kom þessu þarfa máli af stað í kjölfar heimsóknar sinnar til systursamtaka á Norðurlöndunum fyrir nokkrum árum.

Aðalfundur Samtaka íslenskra hugbúnaðar- fyrirtækja

Miðvikudaginn 26. september sl. var haldinn aðalfundur starfsgreinahóps í upplýsingatækniidnaði innan Samtaka iðnaðarins.

Á fundinum var kosin ný stjórn til næsta starfsárs. Hana skipa: Ingvar Kristinsson, GoPro group, formaður en aðalmenn eru Páll Freysteinnsson, EJS hf., Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun ehf., Garðar Jóhannsson, Streng hf. og Guðni B. Guðnason, ANZA hf. Varamenn voru kosnir Guðmundur Óskarsson, Form.is ehf. og Davíð Stefánsson, Vef samskiptalausnum ehf.



Auk hefðbundinnar dagskrár aðalfundar fór Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri, yfir helstu verkefni Samtaka iðnaðarins sem stjórn þeirra lagði fram í vor.

Einnig kynnti Eggert Claessen, framkvæmdastjóri hjá Tölvumiðlun hf., verkefni um skráningu óefnislegra verðmæta innan fyrirtækja. Nokkur upplýsingatækni-fyrirtæki innan SÍH hafa unnið við að koma upp svokölluðum „þekkingarprófil“ sem skráir mannauð, markaðsauð og skipulagsauð fyrirtækis. Með þessum hætti

mætti finna þekkingarverðmæti fyrirtækisins og gera upp samhliða hefðbundnum reikningsskilum. Sú hugmynd hefur verið viðruð að fyrirtæki innan SÍH sammælist um staðlaða framsetningu á „þekkingarprófil“ fyrirtækjanna.

Guðmundur Ásmundsson

Hamskipti

Vefsetrið idnadur.is, sem Samtök iðnaðarins eiga og reka, hefur tekið sannkölluðum hamskiptum. Skipt hefur verið um lén og heitir vefsetrið framvegis Iðan (idan.is). Útliti hefur verið gjörbylt og aukið við efni, sérstaklega fréttatengdu, frá mbl.is og

Gagnasafni Morgunblaðsins. Með þessum breytingum er vonast til að Iðan verði enn áhugaverðari fyrir ungt fólk á öllum aldri sem vill kynna sér íslenskan iðnað frá ýmsum hliðum.

Einn mikilvægasti þáttur Iðunnar er



Nám og störf. Þar er að finna upplýsingar um nám og störf, skóla og fyrirtæki en einnig er fjöldi viðtala á vefnum. Þessar upplýsingar fléttast saman með nýstárlegum hætti. Unnt er að senda inn spurningar sem tengjast námi og störfum.

Samtök iðnaðarins hafa í rúmt ár átt formlegt samstarf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands v/náms í námsráðgjöf sem felur í sér að nemendur vinna raunhæf verkefni í náminu sem tengjast Námi og störfum. Þeir sjá um að auka við og bæta náms- og starfslýsingar og svara spurningum gesta Iðunnar undir handleiðslu kennara sinna.

Fyrir skömmu heimsóttu nemendur í námsráðgjöf Samtök iðnaðarins til þess að skiptast á skoðunum um samstarfsverkefnið og leggja á ráðin um verkefni vetrarins.

Jón Steindór Valdimarsson

Nemendur í starfs- og námsráðgjöf og Ingveldur Sveinbjörnsdóttir kennari þeirra (2. f.b.).

Verðbólga á Íslandi og í nágrennaríkjum



Síðasti umsóknarfrestur um CRAFT

Nú fer að stytta í lok 5. rammaáætlunar ESB um rannsókn- og þróunarsamstarf. Í áætluninni er í boði sérstök tegund verkefna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem gengur undir nafninu CRAFT.


Síðasti umsóknarfrestur um þessi verkefni í 5. rammaáætluninni er 28. febrúar 2002. Það er naumur tími til að skrifa umsókn frá grunni. Hins vegar má benda fyrirtækjum, sem hafa áhuga á að taka þátt í Evrópuverkefni með auðveldari hætti, á átaksverkefnið „Partners for Life.“ Það er samstarfsverkefni 28 Evrópulanda til að stuðla að samstarfi fyrirtækja í Evrópu, auka þekkingu þeirra og tækni og bæta samkeppnishæfni. Þetta verkefni leggur sérstaka áherslu á lífsgæðasviðið, þ.e. matvæli, landbúnað, sjávarútveg, fiskeldi, líf- og læknisfræði. Á vef verkefnisins, www.bit.ac.at/~partners_for_life.htm, er að finna mikið safn verkefnalýsinga sem enn er leitað eftir samstarfsaðilum í. Besta leiðin fyrir þá sem vilja komast inn í Evrópusamstarf með auðveldum hætti, er að fletta í gegnum verkefnasafnið og athuga hvort þar leynist eitthvað sem vekur áhuga þeirra. Svo er bara að setja sig í samband við verkefnisstjórnann.

Örfá dæmi um verkefni þar sem nú er leitað samstarfsaðila:

- * *Þróun nýrra aðferða til að meta rekjanleika í matvælum*
- * *Rekjanleiki kjötafurða frá haga til maga*
- * *Eiginleikar geitamjólkurafurða sem markaðis*
- * *Nýjar lyfjameðferðir við öldrunarsjúkdómum*
- * *Þróun kólesteróllausra kjötafurða*
- * *Notkun kátósans til að breinsa fersket og salt vatn sem notað er í matvælaíðnaði og fiskeldi*
- * *Hröðun ostaproskunar*
- * *Kerfi til að koma í veg fyrir battu af notuðum sprautunálum og öðrum einnota áböldum eftir notkun.*

Undirrituð veitir gjarnan aðstoð við að leita í verkefnasafninu eða við annað sem snýr að verkefnisumsókn.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Undanfarin ár hefur verðbólga á Íslandi verið margfalt meiri en í nágrenna löndunum. Aukin framleiðsluspenna í hagkerfinu frá 1998 til 2000 leiddi til ríflegra launasamninga, launaskriðs og verðhækkana. Síðan þá hefur dregið úr þessari spennu með hægari hagvexti og samdrætti í fjárfestingu.

Þar sem spenna á vinnumarkaðurinn hefur haldist fram á haustið hafa laun haldið áfram að hækka. Nú er búist við að atvinnuleysi fari vaxandi. Af þessum sökum eru horfur á að verðbólgan hjaðni hratt niður á næsta ári og verði nær 4% milli ára. Þó getur gengi krónunnar, ef það breytist frá því sem nú er, haft frekari áhrif á þróun verðbólgunnar.

Í nágrennalöndum okkar hefur verðbólgan verið lítil og stöðug þótt hún hafi aukist lítillega í Svíþjóð og Noregi. Verðbólga erlendis er líkleg til að lækka á komandi ári ef spár um hægari hagvöxt um heim allan ganga eftir. Þennan mikla mun á stöðuleika í rekstrarskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og í nágrennalöndunum má að miklu leyti rekja til þess að við byggjum efnahag okkar á lítilli mynt sem sveiflast á fjármálamarkaði. ESB aðild og upptaka evrunnar myndu færa íslenskum fyrirtækjum stöðugri rekstrarskilyrði og heimilunum betri lífskjör.

Dorsteinn Þorgeirsson





Að loknu orkuþingi

Orkuþing er nú nýfstaðið og var það hið stærsta sem haldið hefur verið til þessa. Um 440 manns sóttu þingið eða helmingi fleiri en fyrir tíu árum þegar það var síðast haldið. Mun fleiri stóðu að þinginu nú en áður, þeirra á meðal Samtök iðnaðarins. Daginn eftir að eiginlegu tveggja daga Orkuþingi lauk var haldinn Orkudagur fyrir almenn- ing. Þar voru fluttir fyrirlestrar um orkumál og orkusparnað. Þessa þrjá daga voru alls fluttir á annað hundrað fyrirlestrar og var það mál manna að þeir hefðu verið vandaðir og efnið áhugavert. Fyrirlestrarnir voru gefnir út í veglegri bók en þá er einnig að finna á vefsetri Samorku.

Haldið var málþing grunnskólanema þar sem nemendur tjáðu sig um orkumál fram- tíðarinnar. Átta grunnskólar voru valdir til að taka þátt í samkeppni um orkuverk og hlaut Klébergsskóli verðlaun fyrir besta



orkuverkið. Verkefnið fjallaði um orku- gjafana, bæði hefðbundna og til framtíðar sem birtust bæði í formi myndverka og sem líkön.

Á Orkuþingi fór einnig fram samkeppni um það orkumannvirki sem fellur best að umhverfinu. Verðlaun voru veitt í þremur flokkum. Í þeim fyrsta voru bensínstöðvar en þar fékk Ólíuverslun Íslands verðlaun fyrir ÓB Bæjarlind. Í flokki lítilla orku- veitna hreppti Orkustöðin á Húsvík verðlaunin en í þriðja flokknum voru

orkumannvirki Landsvirkjunar en þar var verðlaunað tengivirki við Búrfell sem áhugavert dæmi um tækniumbætur til hagsbóta fyrir umhverfið.

Vegna mikillar þátttöku og almennrar ánægju með Orkuþing var rætt um að stefna að því að Orkuþing verði haldið á fimm ára fresti í stað tíu, ekki síst í ljósi þess hve mikilla og örra breytinga er að vænta í orkumálum á næstu fimm árum.

*María J. Gunnarsdóttir
starfsmaður Samorku*



Bakaranemi vann til gullverðlauna í Austurríki

Bakaraneminn Daníel Kjartan Ár- mansson vann til gullverðlauna í gerð eftirréttá í keppni sem nýlega fór fram í Austurríki.

Keppnin fór fram í tengslum við árs- fund Sambands evrópskra hótél- og ferða- málaskóla sem haldinn var í Austurríki í síðasta mánuði en Menntaskólinn í Kópa-

vogi er aðili að sambandinu. Stjórnendur, kennarar og nemendur frá 130 skólum í 30 Evrópulöndum, alls um 700 talsins, tóku þátt í fundinum. Fulltrúar Íslands voru þeir Daníel Kjartan og Ingólfur Sigurðs- son, deildarstjóri bakaradeildar Hótel og matvælskólans við Menntaskólanum í Kópavogi.

Í tengslum við ársfundinn var keppt í

fjölmörgum greinum tengdum því námi sem fram fer í skólunum. Þátttakendur í eftirréttakeppninni voru 27 bakara- og kökugerðarnemar frá 14 löndum. Eftir- réttir Daníels Kjartans og fagleg vinnu- brögd vöktu óskipta athygli dómara og annarra áhorfenda enda fór hann með sigur af hólmi. Þess má einnig geta að Daníel Kjartan hlaut einnig fyrsta sæti í Nemaþinginu Kornax fyrir á þessu ári. Hann er nú á þriðju og síðustu námsönn sinni í bakaradeild og er jafnfram á lokaári námssamnings í Mosfellsbakaríi.

Að þessu sinni er sigurinn einnig ánægjulegur í ljósi þess að á þeim fjórum árum, sem liðin eru frá því að MK byrjaði að senda keppendur í þessa keppni, hafa nemendur skólans tvisvar áður staðið á verðlaunapalli, í Portúgal árið 1998 og í Lúxemborg ári síðar. Samtök iðnaðarins óska Daníel Kjartani til hamingju með gullið.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Samdráttur framundan hjá iðnfyrirtækjum

Könnun Samtaka iðnaðarins, sem gerð var í byrjun október á stöðu og horfum í starfsemi 87 meðalstórra og stórra fyrirtækja, sýnir að verkefnastaðan er að meðaltali svipuð og á sama tíma í fyrra. Samt hefur hægt á veltu fyrirtækja í flestum greinum. Raunaukning í veltu þessara iðnfyrirtækja er áætluð um 1% á þessu ári.

Til að mæta hægari vexti innlendarar eftir-

spurnar, gengistapi og háum vöxtum hafa mörg fyrirtæki byrjað að hagræða í rekstri með því að draga úr fjárfestingu og fækka mönnum.

Athygli vekur ör vöxtur fyrirtækja á upplýsinga- og tæknisviði (UT). Hins vegar eru margar visbendingar um að rekstur smærri UT fyrirtækja gangi mun erfiðar en það kemur ekki fram í könnuninni. Í prent- og plástiðnaði er áberandi hvað mörg fyrirtæki hafa fjárfest mikið á árinu til að mæta

aukinni samkeppni.

Versnandi afkomuskilyrði þessara fyrirtækja hafa leitt til meiri hagræðingar í starfsmannahaldi á árinu. Flest iðnfyrirtæki ráðgera að fækka starfsmönnum á komandi mánuðum, sérstaklega í jarðvinnu og byggingariðnaði.

Sjá niðurstöður í töflu hér að neðan.

Dorsteinn Þorgeirsson

Könnun Samtaka iðnaðarins á stöðu og horfum í iðngreinum, 2.-7. október 2001*								
	Fjöldi fyrirtækja í könnun	Starfsemi:		Fjárfesting:	Mannahald:			
		Verkefnastaða í okt. 2001 samanborið við okt. 2000 (1-5)	Áætlaður raunvöxtur veltu árið 2001 frá 2000**, %	Fjárfestingar árið 2001 samanborið við 2000***	Meðaltal starfsmanna fyrirtækja í greininni, okt. 2000	Fjölgun / fækkun (-) starfsmanna á síðustu 12 mánuðum, okt. 2001, %	Meðaltal starfsmanna fyrirtækja í greininni, okt. 2001	Fyrirhuguð fjölgun / fækkun (-) starfsmanna á næstu 3 mánuðum, %
UT iðnaður	13	3,1	20	2,4	73,3	12,0		-1,3
Byggingaverktakar	14	3,1	-1	2,0	92,6	-9,1	84,1	-15,0
Jarðvinnuverktakar	12	2,2	0	2,5	46,9	2,7	48,2	-31,8
Málm- og skipasmíðaiðnaður	12	3,2	-1	2,5	33,3	-0,5	33,2	0,3
Plast og veiðafæraíðnaður	7	3,3	0	2,0	67,3	0,7	67,8	-1,1
Matvæla- og málningariðnaður	14	3,3	-1	2,3	68,5	0,4	68,8	-2,3
Prent- og auglýsingaiðnaður	15	2,8	-13	3,1	71,8	-10,1	64,6	-1,5
Iðnaður í heild		3,0	1,1	2,4	67,9	-4,0	65,2	-5,5

*) Meðaltal starfsgreina og í heild. Áttatíu og sjö stór og meðalstór fyrirtæki spurð.

***) Áætluð veltuaukning / -mínkun (-), leiðrétt fyrir 8,5% verðbólgu milli ára

****) Áætlun

Verkefnastaða níuna samanborið við sama tíma í fyrra:

- 1 mun verri
- 2 verri
- 3 sama
- 4 betri
- 5 mun betri

Fjárfesting í ár samanborið við í fyrra:

- 0 sala á eignum
- 1 mun minni
- 2 minni
- 3 sama
- 4 meiri
- 5 mun meiri

framhald af forsiðu


smíðastöðva án þess að hafa miklar áhyggjur af því hvort þær lýsingar standast þegar á hólminn er komið.

Hinir erlendu viðskiptavinir íslensks skipaiðnaðar hafa eflaust fengið fregnir af því að íslenskir starfsbræður þeirra súpa þessa dagana seyðið af því að hafa lent í tröllahöndum slíkra sölumanna með afleiðingum sem ekki sér fyrir endann á. Nóg um það. Eftir stendur sú ánægjulega staðreynd að hingað er nú leitað frá nágrannalöndum okkar eftir smíði fiskiskipa og vonandi fara í hönd bjartir tímar í skipasmíði á Íslandi. Vituð þér enn eða hvað?

ÁRANGURSRIK MARKAÐSSÓKN

Ástæða er til að fagna þessum nýju tíðindum sem sannarlega marka tímamót í

sögu íslensk skipaiðnaðar en hann hefur átt í vök að verjast um hríð. Með þessum samningum hefur íslenskur skipaiðnaður fært út kvíarnar og dvelur ekki lengur eingöngu við innlendan markað. Markaðssókn þeirra Óseyjarmanna til útlanda er til mikillar fyrirmyndar og er nú að færa þeim verðmæt verkefni erlendis frá.



skipaiðnaður getur víða átt mikla möguleika enda vanur að standast kröfur íslenskra útgerðar- og sjómanna sem hingað til hafa farið fyrir í þeim efnum.

Ingólfur Sverrisson

Stefnumörkun Samtaka iðnaðarins í rannsóknum og þróunarstarfi og starfsemi Rannís

Á ársfundi Rannís hinn 9. apríl sl. kynnti menntamálaráðherra tillögur sem fela í sér nokkuð róttækar breytingar á skipulagi og starfsemi Rannís og sjóða á vegum ráðsins.

Samtök iðnaðarins telja að skoða þurfi betur heildarmyndina af nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins áður en ráðist er í umfangsmiklar breytingar á einum afmörkuðum þætti hennar. Nauðsynlegt er að skilgreina betur þá árangursmælikvarða og markmið, sem ætlunin er að ná fram með þessum breytingum, til að tryggja sem víðtækasta sátt um framkvæmdina. Huga þarf sérstaklega að stefnumótunarferlinu sjálfu og aðkomu atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila að því. Inn í þá mynd þarf að taka framtíðarþróun rannsókn- og menntastofnana, samspil þeirra í milli og tengslin við atvinnulífið. Þá koma fleiri sjóðir og áhættufjármagnsaðilar líka við sögu.

Megintillaga SI er að efnt sé til víðtæks samráðs og stefnumótunar um þessa framkvæmd, þar sem áhersla verði lögð á að skilgreina þann árangur sem að er stefnt og þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi í umhverfi nýsköpunar og rannsókna í landinu.

Stjórn SI hefur í þessu sambandi sent

forsætisráðherra, menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra greinargerð í þeim tilgangi að varpa nokkru skýrara ljósi á óskir iðnaðarins og þarfir viðskiptavina hans í þessu efni.

Í þessari grein er stiklað á stóru í efni þeirrar samantektar en þeim, sem vilja skoða hana í heild, er bent á vefsetur Samtakanna, si.is.

ÓSKIR IDNAÐARINS - ÞARFIR VIÐSKIPTAVINA

Mikilvægi rannsókna og þróunarstarfs í þágu fyrirtækja og almennrar velferðar hefur líklega aldrei verið meira en einmitt nú. Fáir efast lengur um að fjárfesting í rannsóknum og þróun getur verið arðvænleg forsenda framfara og bættra lífsgæða. Verðmætin í þessu ferli verða helst til í höndum einstaklinga og fyrirtækja og skila sér í formi söluvara, lausna og þekkingar sem nýtist á ný til að auka verðmæti, finna betri lausnir og auka lífsgæði. Þannig má segja að skynsamleg fjárfesting í þessum efnunum skili sér inn í þjóðarþróun með margföldunaráhrifum. Það er því ekki tilviljun að þær þjóðir sem náð hafa lengst í lífsgæðum og verðmætasköpun, standa efst á þeim kvarða sem mælir útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.


Árangurinn af þessari starfsemi mælist þó ekki í útgjöldum heldur í þeim árangri sem rannsóknirnar og þróunarstarfið skilar.

Það hefur sýnt sig að rannsóknir og þróunarstarf á vegum fyrirtækja skila sér mun fyrr í formi verðmætasköpunar en rannsóknir á vegum háskóla og stofnana. Með þessu er þó ekki fullyrt að þær síðarnefndu eigi síður rétt á sér enda leiða þær margar hverjar til stofnunar nýrra sprotafyrirtækja.

Breidd atvinnulífsins er hins vegar meiri en svo að hægt sé að setja öll fyrirtæki og allar starfsgreinar í sama bás þegar aðkoma þeirra og þarfir varðandi rannsóknir og þróunarstarf eru skilgreindar. Það er t.d. ljóst að lítil fyrirtæki, sem hvorki stunda rannsóknir né tæknilegt þróunarstarf, hafa aðrar þarfir í þessu sambandi en öflug þekkingarfyrirtæki með eigin rannsóknir og öflugt tækni- og þróunarstarf á alþjóðlegan mælikvarða. Hagnýting rannsóknaniðurstaðna með einum eða öðrum hætti er þó sameiginlegt áhugamál fyrirtækja óháð stærð og gerð svo fremi að þær hafi eitthvert gildi beint eða óbeint fyrir viðkomandi fyrirtæki.

ÞJÓNUSTA RANNÍS VIÐ ATVINNULÍFIÐ Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Starfsemi Rannís og þá sérstaklega Tæknisjóðs, hefur skipt miklu máli fyrir mörg fyrirtæki í þekkingariðnaði og reyndar almennum iðnaði líka, sem hafa nýtt sér þann stuðning sem í boði var. Þannig hafa nokkur þeirra fyrirtækja, sem eru nú í fremstu röð íslensks þekkingariðnaðar, notið mikilvægs stuðnings Tæknisjóðs meðan þau voru lítil og vaxandi. Oft hefur verið bent á þessi fyrirtæki sem glæsilegan vitnisburð þess að fjárfestingar í rannsóknum og þróun eru arðbærar. Vissulega er margt sem má bæta í starfsemi sjóðsins og finnst t.d. mörgum umsóknar- og matsferlið flókið miðað við það fjármagn sem í boði er. Framlög til sjóðsins hafa ekki haldið í við verðlag og alls ekki þróast í takt við fjölda þeirra fyrirtækja sem nú eru verðugir umsækjendur. Til þess að mæta þörfum þessa ört vaxandi hóps fyrirtækja



þyrfti því að stóruka ráðstöfunarfé Tæknisjóðs og þá ekki síst í ljósi þess hruns sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði og hjá áhættufjármagnssjóðum undanfarið.

Starfsemi Vísindasjóðs hefur til þessa verið í meiri fjarlægð frá fyrirtækjunum og einkennst af takmörkuðu fjármagni sem reynt hefur verið að skipta „bróðurlega“ á milli fjölmargra rannsóknaverkefna á vegum háskólanna og í litlum mæli rannsóknastofnana. Í reynd hefur sjóðurinn verið eins konar framleingt launakerfi háskólanna til að fylla í launaumslög prófessora og ungra vísindamanna sem starfað hafa við fremur kröpp kjör. Sjóðurinn hefur alls ekki megnað að mynda kjölfestu í stærri rannsóknaverkefnum og fjarlægð hans frá fyrirtækjunum gerir árangurinn takmarkaðan og hægfara á mælikvarða verðmætasköpunar. Það væri vissulega þess virði að virkja betur þá krafta sem felast í ungum vísindamönnum og efla tengingu þeirra við fyrirtæki.

Auk fjármögnunar rannsóknasjóðanna hefur Rannís þjónað fyrirtækjum með ýmsum öðrum hætti sem einnig væri mikilvægt að efla. Má þar nefna kynninar- og hvatningarstarf varðandi alþjóðlegt rannsóknasamstarf, forverkefni fyrir Evrópusamstarf, Tæknimaður í fyrirtæki og á vettvangi, markáætlanir auk ýmisskonar upplýsingaþjónustu. Þetta eru allt þættir sem skipta máli og mikilvægt er að skoða hvort unnt er að efla þetta starf enn frekar.

YFIRSTJÓRN RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMÁLA Á HERRA STIG

Það eru vissulega jákvæð merki um aukinn metnað og vilja stjórnvalda til að auka veg rannsókn- og þróunarstarfs að færa Rannsóknarráð og yfirstjórn málaflokksins efst í stjórnkerfi landsins eins og fram kemur í tillögum menntamálaráðherra. Það ætti að draga úr togstreitu milli atvinnugreina, rannsókn- og menntastofnana inni í ráðinu. Til þess að slík breyting nái tilætluðum árangri þarf hins vegar að vanda vel til samsetningar ráðsins. SI leggja til að í slíku ráði sitji þrír ráðherrar, þrír fulltrúar atvinnulífs og þrír fulltrúar háskóla- og rannsóknastofnana undir forustu forsætisráðherra. Slíkt ráð hafi stefnumarkandi hlutverk og setji starfseminni fjárhagslegan ramma en kemur ekki sjálfstætt að úthlutun styrkja. Þá efnir ráðið til víðtæks samráðs um stefnumótun í starfsemi Rannís til nokkurra ára í senn.

GRUNNRANNSÓKNIR OG MENNTUN UNGRA VÍSINDAMANNA

Menntun ungra vísindamanna er verðugt verkefni sem vissulega má tengja starfsemi Vísindasjóðs og þá sérstaklega í þeim tilgangi að nálgast með því starfsemi fyrirtækja. Þá er einkum horft til grunnrannsóknaverkefna sem geta leitt af sér hagnýtt gildi fyrir fyrirtækin. Enginn deilir um mikilvægi menntunar en eðlilegra er að sá þáttur sé á ábyrgð menntamálaráðuneytis og flokkist með útgjöldum til menntamála í stað rannsókna og þróunar.

SAMEINING TÆKNISJÓÐS OG VÍSINDASJÓÐS ER VAFASÖM/SLÆMUR KOSTUR

Ef átlun menntamálaráðherra er að sameina Tæknisjóð og Vísindasjóð og leggja þá fjármuni í grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna og vísa svo fyrirtækjum, sem leita fjármagns í rannsókn- og nýsköpunarverkefni alfarið á Ný-sköpunarsjóð án þess að leggja fram neina nýja fjármuni, er hætt við að árangurinn verði hægari framþróun og færri þekk-ingarfyrirtæki en áður. Nýir vaxtarbroddar skjóta stöðugt upp kollinum sem auðveldlega geta orðið flaggskip íslensks þekk-ingariðnaðar í framtíðinni. Ef við leggjum niður Tæknisjóð, sem er einn af bak- hjörllum þessara fyrirtækja, verða vaxtar-skilyrði þessa iðnaðar þeim mun erfiðari og alls ekki samanburðarhæf við það sem þekkist hjá öðrum þjóðum.


Margt er enn óljóst um það hvernig unnt verður að koma til móts við þarfir fyrirtækja eftir þessar breytingar. Í tillögum ráðherra er aðeins sagt að „aðrir þættir nýsköpunar og þróunarstarfs munu hvíla á

herðum einkaaðila eða sjóða sem veita fé til nýsköpunar, vöruþróunar og áhættufjárfestinga.“ Eins og sakir standa hefur nú þegar dregið verulega úr áhættuvilja fjárfestingarsjóða og áhættufjárfesta og aðgangur að áhættufé í gegnum hlutabréfmarkaðinn hefur gerbreyst að undanförun til hins verra, hvað sem kann að verða í framtíðinni. Því er stór hætta á að aðgangur nýsköpunar- og þekkingarfyrirtækja að fjármagni minnki á næstunni ef ekkert nýtt fjármagn kemur inn í þetta ferli. Að þessu þarf því að huga sérstaklega og það strax áður en ráðist er í breytingarnar.

BYRJUM Á RÉTTUM ENDA!

Samtök iðnaðarins ítreka að vænlegast sé að byrja slíkt breytingaferli á því að skilgreina þann árangur sem sóst er eftir. Hér þarf að skoða heildarmyndina en ekki bara afmarkaða þætti hennar. Þannig er auðveldara að átta sig á hverju þarf að breyta til að ná þeim árangri. Hlutverk hinna ólíku aðila málsins þarf einnig að vera vel skilgreint ef færa á verkefni milli þeirra. Allt þetta þarf að móta í opnu og öflugu stefnumótunarferli áður en ráðist er í skipulagsbreytingar.

*Sveinn Hannesson
David Lúdvíksson*



Nauðsyn á jöfnun flutningskostnaðar

Eimskip leggur á nýtt gjald vegna framhaldsflutninga

Það er kunnara en að frá þurfi að segja að mörg framleiðslufyrirtæki landsbyggðarinnar, sérstaklega iðnfyrirtæki, hafa átt í vök að verjast á undanförunum árum og kemur þar margt til. Flutningskostnaður vegur t.d. þungt í rekstri margra þeirra. Fyrir þau, sem starfa á innanlandsmarkaði, er flutningur framleiðslunnar til stærsta markaðssvæðis landsins verulega íþyngjandi en hefur ef til vill verið veginn upp með öðrum kostum við staðsetningu fyrirtækjanna svo sem traustu og góðu vinnuafli og ódýrari lóðum og húsnæði.

Eimskipafélagið, eina félagið sem nú sinnir strandflutningum, hefur nýlega lagt á nýtt gjald vegna framhaldsflutninga. Gjald

þetta er 27.092 krónur fyrir 20 feta gám en 54.184 krónur fyrir 40 feta gám. Þetta gjald hefur ekki verið lagt á áður segja má að flutningafyrirtækin hafi hingað til litið svo á að þótt þau nýti sér þá hagræðingu að hafa Reykjavíkurborg sem aðal út- og innflutningshöfn landsins sé ekki eðlilegt að það bitni á viðskiptavinum fyrirtækjanna sem starfa á landsbyggðinni.

Auðvitað hefur gjald þetta mjög mismunandi áhrif á rekstur fyrirtækja allt eftir eðli starfseminnar. Þau geta ýmist verið lítil sem engin eða ráðið úrslitum um það hvar fyrirtækið á sér samastað í framtíðinni. Í einstaka tilvikum geta þau ráðið úrslitum um hvort fyrirtækið lifir áfram.

Dæmi um viðbrögð forráðamanna nokkurra fyrirtækja á Norðurlandi sem rétt var við vegna þessa:

- **Iðnfyrirtæki A** flytur inn allt hráefni (þungavöru) en selur þjónustu sína að talsverðu leyti á höfuðborgarsvæðinu. Áætlaður viðbótarkostnaður er 8 – 10 milljónir króna á ári. Sá kostnaður er heldur hærra en áætlaður hagnaður fyrirtækisins á þessu ári.
- **Iðnfyrirtæki B** flytur inn allt hráefni en selur framleiðslu sína að langmestum hluta á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarkostnaður vegna flutninga gæti haft þau áhrif að stór hluti starfsemi

fyrirtækisins flyttist til Reykjavíkur.

- **Iðnfyrirtæki C** flytur stærstan hluta framleiðslu sinnar úr landi. Áætlaður kostnaðarauki á ári nemur 12 – 16 milljónum króna sem er rúmlega allur hagnaður fyrirtækisins af starfsemi þess á Norðurlandi. Veruleg hætta er á að framleiðslan flytjist úr landi.

- **Iðnfyrirtæki D** þarf á miklum flutningum að halda og flytur alla framleiðslu sína úr landi. Fyrirtækið mun ekki greiða þessa hækkun flutningsgjalda. Takist ekki viðunandi samningar við Eimskipafélagið verður fyrirtækinu lokað.

Með þetta í huga er fyllilega eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt í allri umræðu um stöðu byggðanna og jöfnun búsetuskilyrða að huga að jöfnun flutningskostnaðar með svipuðum hætti og á sér stað með jöfnun raforkukostnaðar og kostnaðar vegna símaþjónustu.

Ásgeir Magnússon,
forstöðumaður

Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri

Nýir félagsmenn í Samtökum iðnaðarins

Í júlíblaði Íslensks iðnaðar var þess getið að 17 fyrirtæki hefðu gengið í Samtökin frá áramótum. Síðan hafa önnur þrjú bæst í þann fríða flokk, tvö í byggingariðnaði og eitt í margmiðlun en þau eru:

Verði ljós ehf.

Síðumúla 12
108 Reykjavík
Starfsemi: Nýmiðlun, s.s. margmiðlunargerð, þrívíddarhönnun og fjölföldun geisladiska.

Ólafur og Gunnar, byggingafélag ehf.

Hlíðarsmára 9
200 Kópavogi
Starfsemi: Mannvirkjagerð

Sveinbjörn Sigurðsson ehf.

Hvassaleiti 66
103 Reykjavík
Starfsemi: Mannvirkjagerð og almenn verktakastarfsemi

MATVÆLAIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur SI í matvælaiðnaði

Stjórn Starfsgreinahóps SI í matvælaiðnaði hittist reglulega einu sinni í mánuði nema yfir hásumarið. Á fundum stjórnarinnar eru rædd ýmis málefni sem varða rekstur fyrirtækjanna og skipst á gagnlegum upplýsingum. Á ágústfundinum voru fulltrúar frá Löggildingarstofu fegnir til að skýra frá reglum um löggildingu á vogum. Síðan hefur verið tekin upp sú nýbreytni að hittast í fyrirtækjunum til skiptis, skoða aðstöðu þeirra og ræða jafnframt málefni sem snerta reksturinn. Fyrsta heimsóknin var farin í Kaffitár í Njarðvík. Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sagði frá starfsemi þess og sýndi fundarmönnum húsnæðið. Kaffitár rekur kaffibrennslu í Njarðvík og tvö kaffihús í Reykjavík.

Á fundinum var einnig rætt um innheimtumál, tryggingar og dreifingu. Öllum matvælaframleiðendum í SI er velkomið að sækja fundi stjórnarinnar og fundargerðir eru sendar öllum. Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 25. október kl. 17:00 hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Bitruhálsi 1.

Offset, nýtt fyrirtæki í stafrænni prentvinnslu

Alhliðþjónusta í stafrænni prentvinnslu

Nýlega sameinuðust Offsetþjónustan og ljósritunardeildir prentsmiðjanna Odda og Gutenberg í prentþjónustufyrirtækið Offset. Þar með er öll nýjasta tækni á sviði stafrænnar prentvinnslu komin undir eitt þak en stórstígar framfarir hafa orðið í greininni á síðustu árum.

„Starfssvið okkar er afar fjölbreytt,“ segir Heimir Óskarsson markaðsstjóri Offsets. „Í stuttu máli má kannski kalla okkur stuðningsfyrirtæki fyrir viðskiptalíf- ið, menningarstofnanir og einstaklinga sem þurfa að koma frá sér einhverjum skila- boðum í prentuðu eða stafrænu formi. Þetta á við hvort sem um er að ræða auglýsingar, kynningarefni, skýrslur, bækur, fréttabréf, jólakort, nafnspjöld eða annað. Undir þetta fellur líka hvers kyns mynda- og ljósmyndþjónusta, hönnun og tæknileg úrvinnsla gagna.“

BREYTileG PRENTUN

Heimir segir helstu kosti stafrænnar prenttækni ekki síst felast í svokallaðri breytilegri prentun sem gerir m.a. allt aug- lýsinga- og kynningarstarf mun markviss- ara en áður.

„Með breytilegri prentun er hægt að ná markvissu sambandi við viðtakandann. Segjum sem svo að fyrirtæki ætli að bjóða þrjúhundruð manns á kynningar. Þá er hægt að útbúa boðskort sem stílað er sér- staklega á hvern og einn með viðeigandi upplýsingum, t.d. mismunandi tímasetn- ingu og ólíkum áherslum eftir því hver viðtakandinn er. Engin tvö boðskort eru því í rauninni eins – en þó unnin í einni og sömu prentun. Áður fyrir hefðu allir fengið eins boðskort. Með þessu hafa opnast nýjar og hagkvæmar leiðir í markpósti.“



Heimir Óskarsson: „Tækni í allskyns prentvinnslu hefur tekið gífurlegum breytingum á undanförunum árum og markmið okkar er að bjóða upp á allt það besta og nýjasta á einum stað.“

TEIKINGAÞJÓNUSTA

Offset fylgist grannt með öllum nýjung- um á þessu sviði þar sem þróunin er mjög ör og að sögn Heimis ætla fyrirtækið að bjóða allt það besta á hverjum tíma í stafrænni svart-hvítri og litaprentun.

„Nú höfum við fjárfest í fullkomnum tækjum fyrir teikningaprentun og ljósritun. Þau geta afgreitt teikningar fyrir arkitekta, verkfræðinga og fleiri en mér vitanlega hefur prentiðnaðarfyrirtæki hér á landi ekki boðið slíka þjónustu til þessa.“

Á FERÐ OG FLUGI

Önnur nýjung, sem Offset býður, er að- staða þar sem fólk getur komið og unnið verkin sjálf. Það þýðir meðal annars að það fær aðgang að tölvu, prenturum og frágangstækjum og hefur fagmenn sér við hönd þurfi það á aðstoð að halda.

„Þetta sparar fyrirtækjum að fjárfesta í dýrum tækjabúnaði sem ef til vill er ekki í mikilli notkun en er þó nauðsynlegur. Markaðsstjórar geta þá komið til okkar, gengið frá öllu kynningarefni sínu og sent það af stað því að við erum einnig með

póstþjónustu. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem eru að verða á vinnu- umhverfinu. Skrifstofur eru að minnka og verða látlausari en verkefnið hins vegar unnin á ferð og flugi. Með tilkomu full- komnari farsíma og fartölva geta menn verið staddir nánast hvar sem er við störf sín.

Í nútímanum er meiri áhersla lögð á fjöl- skyldulífið en áður og við komum til móts við það með því að bjóða leikaðstöðu fyrir börn svo að fólk geti haft þau með sér þegar það skýst til okkar til að ganga frá einhverjum málum.“

PRENTUN FYRIR TÍMABUNDNA

Með stafrænni prenttækni styttest af- greiðslutími verkefna. Heimir segir að nú afgreiði Offset 90% af verkefnum innan sólarhrings og margir þurfi strax eða sam- dagurs á afgreiðslu að halda. Hann leggur áherslu á að með sameiningu þessara ein- inga sé mikill tækjakostur samankominn og afkastageta sem geri í sumum tilvikum kleift að afgreiða verkefni meðan beðið er. „Ein af vélum okkar prentar og bindur inn, þ.e. vélin skilar fullbúnu, innbundnu prentverki. Við höfum dæmi um stofnun sem hafði boðað til blaðamannafundar klukkan 14.00 en klukkan 12.00 kom full- trúi til okkar með 116 blaðsíðna skýrslu sem átti að kynna á fundinum. Klukkan 13.30 var fulltrúinn farinn með 70 inn- bundin eintök og mætti tímanlega á fund- inn með skýrslurnar. Þetta er náttúrulega ekki reglan en stafræn prentun hefur marg- sannað sig og á eftir að taka meira og meira til sín af almennu prentverki,“ segir Heimir að lokum.

Haraldur Dean Nelson



Offset er til húsa í Faxafleni 8 í Reykjavík



Í Offset er björt og skemmtileg verslun

Góður árangur ungs pípu- lagningarnefna í norrænni keppni

Norræna meistarakeppnin í pípulögnum var haldin í annað sinn í vor og fór að þessu sinni fram í Bella Center Kaupmannahöfn. Samhliða keppninni var haldin Norræna ráðstefnan um menntamál pípulagningamanna.



Einn íslenskur nemi í pípulögnum, Vigfús Baldvin Heimisson, tók þátt í keppninni með dyggum stuðningi Félags pípulagningarnefna og Sveinafélags pípulagningarnefna. Þátttaka í slíkri keppni krefst mikils undirbúnings og þjálfunar enda flókin verkefni sem keppendum er ætlað að leysa. Þjálfun Vigfúsar Baldvins

fór að hluta til fram í Iðnskólanum í Hafnarfirði en einnig á verkstaði pípulagnafyrirtækisins Rennslis ehf. sem meistari hans, Þorgeir Kristófersson, rekur.

Keppendum sóttist verkið misvel eins og gengur en á þriðja og síðasta degi keppinnar tóku menn að efast um að nokkrum þeirra tækist að ljúka verkefninu enda lá ljóst fyrir að verkefnið var of viðamikil miðað við þann tíma sem því var ætlaður. Finnski keppandinn var sá eini sem tókst að ljúka því og var honum dæmdur sigurinn. Öðrum keppendum var ekki raðað í sæti en þeir fagmenn, sem fylgdust með keppninni, töldu Vigfús Baldvin hafa staðið sig með mikilli þrýði og orðið stétt sinni og þjóð til sóma enda

vann hann rólega en örugglega og gerði engin mistök.

Næsta meistarakeppni og ráðstefna pípulagningarnefna verður haldin í Finnlandi árið 2003 en árið 2005 kemur í hlut íslenskra pípulagningarnefna að standa fyrir keppni og ráðstefnu hér á landi.



Hönnunarverðlaun fyrir jólaskeið

Auður Lilja Ámundadóttir úr Öskjuhlíðarskóla varð nýlega hlutskörpust í árlegri samkeppni Gull- og silfursmíðjunnar Ernu hf. um hönnun jólasveins á jólaskeið fyrirtækisins.

Gluggagægir fyrir valinu að þessu sinni en jólasveinaskeiðarnar eru nú orðnar 10 talsins. Gull- og silfur-smíðjan Erna hannaði þrjá fyrstu jólasveinana, Stekkjarstaur, Giljagaur og Stúf.



Hugmyndin að samkeppninni kemur frá Guðrínu Þórsdóttur, starfsmanni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Ásgeiri Reynissyni, gullsmíð, en þetta er í sjöunda sinn sem slík keppni er haldin meðal 11 til 12 ára nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Auður Lilja hlýtur jólasveinaskeiðina að launum og tíu þúsund krónur auki. Verðlaunaafhendingin fór fram í Öskjuhlíðarskóla hinn 15. október sl.



Stærsti innflytjandinn - stærsti útflytjandinn!

ISAL er íslensku efnahagslífi mikilvægt. Á síðasta ári var ISAL stærsti útflytjandinn á vörum frá Íslandi, með 14,93% heildarútflytningu en einnig stærsti innflytjandinn með 4,5% heildarinnflytningu. Mismunurinn á inn- og útflytningu ISAL var tæpir 13 milljarðar króna á árinu.


Heildarverðmæti vöruútflytningu Íslendinga á síðasta ári var um 148,4 milljarðar króna. Langmest var flutt út af sjávarafurðum (63%) og næstmest af iðnaðarvörum (31%). Í þeim vöruflokki nam ál rúmum 59%. Á síðasta ári voru stóriðjufyrirtækin ein stærstu fyrirtækja landsins um að auka útflytningu frá 1999,

ISAL um 13%, Norðurál um 17% og Íslenska járnblendifélagið um 21%. Útflytningur dróst nokkuð saman hjá stærstu fíksölufyrirtækjunum, um 8% hjá SH og 11% hjá SÍF.

Þótt hlutfall sjávarafurða í heildarútflytningu sé enn mjög hátt hefur það lækkað á undanförunum áratugum. Um miðbik 20. aldarinnar var hlutfallið um 90% en ljóst er að tekist hefur að skjóta fleiri stöðum undir atvinnulíf, þótt ekki séu þær margar.

Heildarverðmæti innflytningu á síðasta ári nam rúmum 203 milljörðum króna og hafði aukist um 11,4% frá 1999. Hlutfall ISAL í innflytningnum var 4,5%, herra en nokkurs annars fyrirtækis. Í næstu sætum



Útflytningur árið 2000



voru olíufélögin þrjú, bílaumboðið Hekla var í 5. sæti og Norðurál í 6.

Hrannar Pétursson

Birti óstytt úr Ísal tíðindum 2. tbl. 31. árg með góðfúslegu leyfi ritstjórnar



Kröfur um gerð gæðaáætlunar vegna framkvæmda færast í vöxt

Sífelld færast í vöxt að verkkaupar krefja verktaka um að þeir leggi fram svo-nefnda gæðaáætlun í upphafi verks eða jafnvel áður en skrifad er undir verk-samninga við viðkomandi. Það sama á við um aðalverktaka að hann krefji undirverktaka um gæðaáætlun á þeim þáttum framkvæmdarinnar sem hann tekur að sér.

Gæðaáætlun byggist á að viðkomandi verktaki leggi fram lýsingu á því hvernig hann ætlar að standa að verki, bæði varð-andi framkvæmd og eftirlit og þá ekki síður varðandi fyrirhuguð samskipti sín við verkkaupa. Auk þess þarf hann að leggja fram til skoðunar og samþykktar þau eyðublöð sem hann ætlar að nota varðandi verkbókhald, eftirlit og fleira. Óskir ólíkra verkkaupa um gæðaáætlun hafa verið með mjög svipuðu sniði á síðustu misserum, sem er mjög gott. Í eftirfarandi lista eru tíundaðar þær upplýsingar og eyðublöð sem helst hefur verið óskað eftir:

- Lýsing á fyrirhuguðu innra stjórnkerfi verktaka hvað varðar verkið.
- Lýsing á framkvæmd verkþáttum.
- Uppruna- og gæðavottorð hráefna og íhluta.

EFTIRTALDAR VERKLAGSREGLUR UM:

- stýringu og umhald skjala er varða verkið
- póstsendingar inn og út, þ.e. bréf, minnisblöð og símbref er varða verkið
- móttöku, dreifingu og vistun teikninga og verklýsinga
- móttöku á efni á vinnustað
- dagbókarhald
- nýja greiðsluliði
- innra eftirlit með einstökum verkþáttum
- verkþáttarýni
- meðhöndlun frávika/galla
- framkvæmd breytinga
- framkvæmd aukaverka

EYÐUBLÖÐ VARÐANDI:

- dagskýrsluform
- magnlölu – safnblöð
- samantektir daglegs eftirlits
- úttektarblöð fyrir innra eftirlit með



Bygging Íslenskrar orkuveitingar í Vatnsmyri



Ný viðbygging Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar



Höfnstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur við Réttarháls

→ úttektarblöð fyrir prófanir, mælingar og úrvinnslu

Nokkuð skortir á að fyrirtæki sem ekki hafa byggt upp eigið gæðastjórnunarkerfi, eigi auðvelt með að leggja fram slík gögn með stuttum fyrirvara og einnig virðist skorta á þjálfun starfsmanna sömu fyrirtækja að vinna með slík gögn.

Þau fyrirtæki, sem hafa unnið samviskusamlega að því að byggja upp eigin gæðakerfi í samvinnu við SI, hafa getað lagt þessi gögn fram án nokkurrar fyrirhafnar. Sú krafa að verktaki, sem tekur að sér framkvæmdir fyrir háar fjárhæðir, geti á sannfærandi hátt sýnt fram á hvernig hann ætlar að standa að verki áður en gengið er til samninga, er ekki ósanngjörn. Þann hátt mætti mjög gjarnan viðhafa við byggingu sérhvers húss þar sem verkaupi leggur

jafnvel allt sitt í hendurnar á ókunnum verktaka án þess að hafa nokkra vísbendingu um hvernig hann ætlar að standa að verki, tryggja gæði eða bregðast við óvæntum aðstæðum á verk tímanum.

Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn sína til að kynna sér þá aðstoð sem þau veita til uppbyggingar gæðastjórnunar úti í fyrirtækjunum og að þau nýti sér þá þjónustu sem í boði er, tryggi þannig hagsmuni sína og viðskiptavinarins og skapi sér með því forustu og sérstöðu í harðri samkeppni.

Ferdinand Hansen

Health technology & science exhibition 2002

**Alþjóðleg fagsýning á sviði heilbrigðistækni og vísinda
í tengslum við ráðstefnuna 12NBC, The Nordic Baltic
Conference on Biomedical Engineering and Medical Physics,
sem haldin verður í júní 2002 í Reykjavík**

Sýningin

verður haldin dagana 19. til 22. júní 2002 í A-sal og anddyri Háskólabíó. A-salnum verður breytt sérstaklega af þessu tilefni í rúmgott sýningarsvæði sem ætti að þjóna sýnendum vel. Þar að auki er fyrirhugað að útbúa tvo fyrirlestrarpalla í efri hluta sýningarsalarins.

Væntanlegir gestir

Gera má ráð fyrir um 400 erlendum gestum á hina alþjóðlegu ráðstefnu 12NBC dagana 18. til 23. júní. Þess er einnig vænst að stjórnendur, innkaupaaðilar og fagfólk í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðis-sviði sækji ráðstefnuna, sýninguna og tengda viðburði.



Sýnendur

Sýningin hentar vel fyrirtækjum og stofnunum sem vilja ná athygli þeirra sem máli skipta á sviði rannsókna, þróunar, tækni og vísinda á heilbrigðissviði, sem og til kynningar á vöru og þjónustu fyrir alþjóðamarkað.

Þátttaka í sýningu

Undirbúningur sýningarinnar er hafinn. Fyrirtæki, félag og stofnanir geta fengið nánari upplýsingar með því að senda skipuleggjendum tölvupóst á netfangið "health@si.is". Þátttakendum stendur til boða margvísleg þjónusta fyrir sýninguna, s.s. aðstoð við hönnun bása og uppsetningu þeirra, hönnun og prentun kynningarefnis ásamt aðstoð fagfólks í kynningum á sýningunni.

Tilkynnið áhuga á þátttöku með tölvupósti á netfangið "health@si.is" hið fyrsta og verða þá nánari upplýsingar sendar um hæl. Gert er ráð fyrir að fullbóka sýningarsvæðið fyrir árslok 2001. Í byrjun janúar 2002 hefst kynning á sýnendum innanlands og erlendis - allt til sýningardags.

Skipuleggjandi:

Samstarfsaðilar:





Við höfum sérstöðu í heiminum




í hönnun og framleiðslu



mannvirkja fyrir veðurfars-



og náttúruaðstæður sem skapast




á norðlægum slóðum.



Náttúran hefur kennt okkur hvaða



kröfur skuli gerðar til mannvirkja




og við höfum lært að beisla



hreinar auðlindir hennar til að



auka lífsgæðin í landinu.



CONSTRUCT NORTH

HÖNNUN, TÆKNI OG MANNVIRKJAGERÐ Á NORÐURLÓÐUM

Málþing og fagsýning 28. febrúar til 3. mars 2002

Grand Hótel Reykjavík - Laugardalshöll

Þann 28. febrúar 2002 ráðgera Samtök iðnaðarins, ásamt samstarfsaðilum, að efna til málþings á Grand Hótel Reykjavík fyrir fagfólk í mannvirkjagerð og byggingariðnaði undir yfirskriftinni **Construct North 2002 - Hönnun, tækni og mannvirkjagerð á norðurlóðum**. Í kjölfar þingsins eru fyrirhugaðir fyrirlestradagar innlendra og erlendra aðila ásamt fagsýningu í Laugardalshöll 1. til 3. mars.

Construct North er ætlað að verða markaðstorg og faglegur vettvangur til kynningar, skoðanaskipta, samráðs og samstarfs verkkaupa, fjárfesta og fagfólks í þessum greinum iðnaðar á norðlægum slóðum. Að baki efnistöku og þema **Construct North** liggur m.a. stefnu-mótun og framtíðarsýn íslensks byggingariðnaðar sem fjölmörg fyrirtæki, félög og stofnanir á sviði mannvirkjagerðar tóku þátt í að móta.

Á málþinginu verður m.a. fjallað um möguleika innlendra framleiðenda, verktaka og hönnuða til aukins samstarfs við erlend fyrirtæki í framleiðslu og markaðsstarfi á norðurlóðum. Hugvit, hönnun og þjónusta eiga sér

engin landamæri og eru útflutningsmöguleikar Íslendinga á þeim sviðum nær óþrjótandi. Þróun stjórnunaraðferða í byggingariðnaði og innleiðing nýrrar tækni eru jafnframt á meðal málefna á dagskrá CN.

Um þessar mundir er að hefjast kynning á **Construct North 2002** en samhliða verður lögð áhersla á að kynna erlendis **Construct North 2004** - alþjóðlegt málþing og fagsýningu á Íslandi dagana 4. til 8. mars 2004.

Construct North verður haldið annað hvert ár á Íslandi en þess á milli er hugsanlegt að samstarfshópur CN taki þátt í öðrum sambærilegum viðburðum erlendis undir yfirskriftinni **We Construct North**.

Nánari upplýsingar um Construct North veita undirritaðir hjá Samtökum iðnaðarins.


Guðmundur Þór Sigurðsson
byggingafræðingur SI
Netfang gsg@si.is


Brynjar Ragnarsson
markaðsstjóri SI
Netfang brynjar@si.is

 **SAMTÖK
IÐNAÐARINS**
FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

HALLVEIGARSTÍG 1
PÓSTHÓLF 1450
121 REYKJAVÍK

☎ 511 5555
FAX 511 5566
mottaka@si.is

mannvirki.is
constructnorth.is
cn.is